

fellda, ekki er staðfest af þeim, sem birt hafa, með skírskotun til unnins stefnuvottarelds, eins og fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., ber að vísa stefnunni frá yfirdómi til nýrrar og löglegrar birtingar.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Mánudaginn 8. októbermánaðar.

Nr. 34/1894:

Rjettvísinn

gegn

Jóni Brandssyni og Steinunni Sigurðardóttur.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 15. jan. þ. á., voru hin ákærðu Jón Brandsson og Steinunn Sigurðardóttir dæmd fyrir barngetnað í meinum, til að sæta refsingu eptir 164. gr. sbr. við 163. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, hann í 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og hún í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo var hinum ákærðu og gjört að skyldu að greiða allan málskostnað in solidum, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda þeirra í hjeradi, að upphæð 6 kr. Máli þessu hefir verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera.

Það er sannað í málinu, að hin ákærða Steinunn Sigurðardóttir hafi utan hjónabands átt barn með syni

hins meðákærða Jóns Brandssonar, Brandi Jónssyni, og virðist það hafa verið árið 1879. En þrem árum síðar, eða 17. jan. 1882 ól hún barn með meðákærða, Jóni Brandssyni, sem þá var húsbóndi hennar, og var þeim fyrir það brot með aukapingsdómi Rangárvalla-sýslu, uppkveðnum 24. nóv. 1882, ákveðin refsing, honum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og henni mánaðar einfalt fangelsi, og hafa þau afplánað þessa refsingu. Síðan þetta skeði, hafa hin ákærðu átt 6 börn saman eptir því sem þau hafa viðurkennt og upp- lýst er í málinu, og eru börnin fædd 13. desbr. 1885, 14. júní 1887, 27. apríl 1889, 4. ágústm. 1890, 16. okt. 1891 og 23. nóv. 1892. Í janúarmánuði árið 1892 hóf hlutadeigandi sýslumaður rannsókn út af samlífi hinna ákærðu, og eptir prófum þeim virðist hin ákærða Steinunn hafa verið vinnukona Jóns Brandssonar eða til heimilis hjá honum nær óslitið alla þá tíð, er hún átti börnin með honum og syni hans, eða síðan 1879. Hin ákærða Steinunn hefir eigi sætt refsingu frekar en að ofan segir, en hinn ákærði Jón Brandsson hefir sætt sektum fyrir mörg hórbrót, í síðasta sinn fyrir 5. hór- brot eptir yfirvaldsúrskurði 15. desemberm. 1869, eins og hann einnig árið 1862 var sektaður um 2 rd. í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir drykkjuskap og mót- þróa.

Brot hinna ákærðu, sem bæði eru komin yfir lög- aldur sakamanna, hefur undirdómarinn rjettilega heim- fært undir 164. sbr. 163. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingarákvæði hjeradsdóms- ins hæfilegt með þeirri breytingu, að Jón Brandsson, sem er kominn á sjötugsaldur, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, sbr. 24. gr. hegningarlaga-

anna. Ennfremur samþykkir yfirdómurinn ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, og ber því að staðfesta hann með hinni tilgreindu breytingu á refsingunni. Hin ákærðu verða og að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar bæði fyrir eitt og eitt fyrir bæði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt, en rekstur málsins af hálfu hjeradsdómarans hefir orðið mjög seinfara. Eptir kæru hreppstjórans í Vestur-Landeyjahreppi, — en dagsetning á kæru þessari er eigi tilgreind í skjölunum —, var rannsókn út af athæfi hinna ákærðu byrjuð 15. jan. 1892, og var henni haldið áfram til 6. febr. s. á. Síðan var ekkert átt við málið fyr en 25. marz 1893, og stafaði það eptir skýrslu hjeradsdómarans af því, að ákærða Steinunn var óljett, enda átti hún barn 23. nóv. 1892. Hinn 25. marz f. á. var haldið próf í málinu, en það var mjög þýðingarlítið, enda voru hin ákærðu áður búin að gefa nokkurn veginn ýtarlega játningu um brot þeirra. Síðan var ekkert við málið átt fyr en stefna var gefin út í því 16. nóv. f. á. og kom það fyrir rjett 29. s. m.; þenna dag var það tekið upp til dóms og dómur uppkveðinn í því 15. jan. þ. á. Dómurinn var birtur hinum ákærðu 28. febr., og hafa þau þá óskað þess, að dóminum yrði áfrýjað, en það hefur hjeradsdómarinn eigi gjört, sem þó var hans skylda samkvæmt fyrirmælum tilsk. 24. jan. 1838. Síðan hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað málinu hinn 30. maí þ. á., en 13. ágústmán. kom áfrýjunarstefnan með birtingarvottorði aptur til amtsins frá hjeradsdómaranum. Samkvæmt því sem hjer er tekið fram, hefir rekstur þessa máls staðið yfir í hjeraði frá

Því í janúar 1892 og þangað til í vor, eða meira en 2 ár, og þar sem hjeradsdómarinn hefir eigi afsakað þennan stórfellda drátt á einföldu og óbrotnu máli með nægilegum rökum, verður hann að sæta sekt fyrir hann samkvæmt 35. gr. í tilsk. 3. júní 1796, er ákveðst 50 kr. og renni í fátækra sjóð Vestur-Landeyjahrepps.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo að refsing hins ákærða Jóns Brandssonar ákveðst 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hin ákærðu in solidum, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Undirdómarinn, sýslumaður Páll Briem, greiði í sekt 50 kr., er renni í fátækra sjóð Vestur-Landeyjahrepps.

Ídæmd sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum í heild sinni að fullnægja undir aðför að lögum.